

Enn eitt samkomulagið svikið

● Steingrímur segir samkomulag frá því í sumar ekki bindandi þar sem ekki náðist heildarsamkomulag
● Formenn stjórnaðarandstöðuflokkanna segja ætlunina hafa verið að fækka ágreiningssatriðum

Vilhjálmur Andri Kjartansson
vilhjalmur@mbl.is

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, vonar að ríkisstjórnin haldi ekki áfram á þeirri braut að svíkja þau samkomulög sem hún hefur gert. „Það var ekki að ástæðulausu að við fórum fram á að samkomulagið um afgreiðslu og meðferð sjávarútvegsfrumvarpanna frá því í sumar yrði skriflegt. Af fyrri reynslu töldum við það nauðsynlegt,“ segir Sigmundur sem vonar að samkomulagið frá því í sumar haldi.

Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunarráðgjafi, lét nýlega þau ummæli falla að niðurstæða trúnaðarmannahóps stjórnaðarflokkanna um stjórn fiskveiða væri ekki bindandi við endurskoðun

fiskveiðifrumvarpsins þar sem ekki náðist heildarsamkomulag innan hópsins en hópurinn starfaði á grundvelli samkomulagsins frá því í sumar.

Hvergi minnst á heildarsamkomulag

„Það var samið um nokkur atriði í sumar sem ég lit svo á að menn séu bundin af, m.a. um að náist samkomulag á vettvangi trúnaðarmannahópsins muni það verða lagt til grundvallar framlagningu frumvarps um stjórn fiskveiða af hálfu stjórnaðarflokka á þinginu núna í haust og undir það rituðu Steingrímur og Jóhanna,“ segir Sigmundur.

sem bætur því við að tilgangur trúnaðarmannahópsins hafi verið að ná samkomulagi um þau atriði sem



Bjarni Benediktsson



Sigmundur D. Gunnlaugsson

hægt var. „Annars á ég eftir að sjá það hvort ríkisstjórnin leggi í að svíkja þetta samkomulag. Það veður að visu ugg að hún er nýbúin að svíkja skriflegt samkomulag við aðila vinnurmarkaðarinnar með hækkun á tryggingargjaldinu.“

Í yfirlýsingu frá því í sumar er

hvergi tekið fram að heildarsamkomulag þurfi að liggja fyrir.

Átti að fækka ágreiningsefnum

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, tekur undir með Sigmundi og vonar að samkomulagi haldi en að sögn Bjarna fór aldrei milli mála að í samkomulaginu sem gert var við ríkisstjórnarflokkana í sumar var ætlunin að fækka ágreiningsefnum, ekki að ná heildarsamkomulagi um alla hluti.

„Það er mjög undarlegt ef Steingrímur vill ekki hafa niðurstöðu trúnaðarnefndarinnar sem grundvöll fyrir framhald málsins. Það hefði verið miklu heiðarlegra af honum að segja það þá strax í upphafi að ef ekki tækist heildarsamkomulag um þær áherslur sem hann leggur mestan

þunga á, væri til einskis að setjast niður,“ segir Bjarni en hann segir það vera synd að leggja fyrir róða vinnu sem unnin var í samvinnu við fulltrúa stjórnaðarflokka í atvinnuveganefnd.

„Þegar samkomulagið var gert þá var það sjónarmið sem átti stuðning hjá stjórnaðarflokkunum. Það er því verið að kasta frá sér tækifæri til að gera breytingar á málinu sem góð sátt gæti náðst um.“

Ummæli Steingrímis koma því nokkuð á óvart að sögn Bjarna en hann vill ekki svara því hvort Sjálfstæðisflokkurinn beiti málfóti gegn frumvarpinu. „Við munum halda áfram að halda okkar sjónarmið á lofti að það sé óskynsamlegt að gera breytingar sem leiða til óhagkvæmrar stýringar.“

Kerfið fari nánast allt í jarðstreng

● Endurnýja þarf dreifikerfið

RARIK hefur ákveðið að við uppbyggingu raforkukerfisins í Mývatnssveit verði nánast öll línan lögð í jarðstreng. Griðarlegt tjón varð á dreifikerfinu í ísingarverðri í síðustu viku og segir Trygvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK, að byggja þurfi kerfið í Mývatnssveit upp frá grunni.

„Það liggur fyrir að það þarf að endurnýja dreifikerfið í Mývatnssveit, nánast eins og það leggur sig. Við byrjum á því á þessu ári, en gerum ekki ráð fyrir að því verði lokið fyrr en á næsta ári, en við erum að tala um að taka nánast allt kerfið í Mývatnssveit í jörð,“ segir Trygvi. Búið er að leggja um 10 km af jarðstrengjum ofan jarðar til bráðabirgða, en fyrirhugað er að leggja um 20 km af jarðstrengjum þegar búið er að byggja upp allt kerfið að nýju.

Trygvi segir ekki gott að treysta á þessa bráðabirgðaviðgerð og langi, enda sé kerfið ekki löglegt eins og þetta er núna. Þetta sé neyðarráðstöfun. Menn muni því hraða viðgerð ein og nokkur er kostur.

Trygvi segir að áður en framkvæmdir við jarðstreng geti hafist þurfi að ræða við landeigendur og Vegagerðina og semja við verkataka.

Ódýrara að nota jarðstrengi í lágru spennu

„Það er alveg gjörðlíkt hvort við erum að tala um háspennulínur eða dreifilínur. Við erum að vinna á 11 klóvatta spennu og það er ódýrara að leggja jarðstrengi en að byggja línur, þar sem hægt er að koma við plægingu eða tiltölulega litlum geftri. Þegar verið er að tala um stóru línurnar eins og hjá Landsneti þá snýst þetta alveg við. Þar er margfalður kostnaður að setja í jarðstrengi. Það



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

Óveður Mikið tjón varð á dreifikerfinu í Mývatnssveit í síðustu viku.

er ekki hægt að bera það saman,“ segir Trygvi.

Trygvi segir að dreifikerfið í Mývatnssveit hafi verið komið á tíma og fyrirhugað hafi verið að endurnýja það innan átta ára. Línan hafi verið lögð með höndunum á sínum tíma og því ekki hægt að koma tækjum alls staðar við, en línan liggur að hluta yfir hraun.

RARIK telur að tjón fyrirtækisins í veðrinu sé 150-200 milljónir. Trygvi segir að á móti komi að menn séu að ráðast í endurbyggingu á línu sem hafi átt að endurnýja á næstu árum. egol@mbl.is

Vanur vinstri umferð og lenti í árekstri

Eitthvað hefur hugurinn reikað í heimahagana hjá ástralska ferðamanninum sem varð fyrir því gláni að lenda í árekstri við annan bíl á Egilsstöðum í gær þar sem hann ók vinstra megin á veginum eins og ástralskra er siður. Engin alvarleg slys urðu á fólki en báðir bílarnir skemmdust töluvert. Óhappið varð við þéttbýlismörkin á Egilsstöðum en að sögn lögreglu á staðnum voru það skjött viðbrögð bílstjórans sem keyrði á réttum veghelmingi sem urðu til þess að áreksturinn varð ekki harðari en raun bar vitni því þeim bílstjóranum tókst með snaræði að sveigja frá ástralska bílstjóranum.

Lögregla hafði afskipti af hundum og köttum

Dýr komu nokkuð við sögu hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í gær. Um kl. 15 var lögreglan kölluð að húsi við Sudurhóla vegna hunds sem beit annan hund.

Þá var óskað eftir lögreglu að húsi í Vogahverfinu í gær en þar var full þúfi af köttum en því fjarverandi, segir í tilkynningu lögreglunnar.



Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 17. september 2012, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2012 og önnur gjaldfallin á lögd gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 17. september 2012, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarfragjaldi, sektum skatttrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögdum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tejuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tejuskatt og útsvar, sérstakur tejuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldaraðra og skattur af verslunur- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útarvargjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangöldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda. Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámssgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfdregning fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveg fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 18. september 2012

Tollstjóri

Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borganesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Blöndal
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmarvík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsvík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvalsvíli